

EFI - málþroskaskimun

Um EFI-2

EFI-2 málþroskaskimun er skimun á málskilningi og máltjáningu barna, sem eru á 4. ári. Höfundar eru talmeinafræðingarnir Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörg Símonardóttir. EFI-2 er ætlað leikskólakennurum og öðrum sérfræðingum í leikskólum landsins.

EFI-2 er einfalt í notkun, áreiðanlegt og ekki síst finnst börnunum það skemmtilegt. Fyrirlögn felst í að barn og kennari eiga notalega stund, skoða saman myndabók og barnið svarar spurningum tengdum myndunum eða daglegu lífi þess.

Notagildi EFI-2 málþroskaskimunarinnar felst fyrst og fremst í því:

- Að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik. Ennfremur að vísa börnum sem þurfa, áfram í nánari athugun og viðeigandi úrræði.
- Að gefa foreldrum hugmynd um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldra og veita þeim og öðrum fullorðnum í umhverfi barnsins ráðgjöf og leiðbeiningar.
- Að fá foreldra í samstarf til að styrkja málþroska barnsins.

Nánari lýsing á EFI-2

Árið 1999 hófst skimun vegna hugsanlegra málþroskafrávika hjá börnum sem komu í 3 ½ árs skoðun á heilsugæslustöðvum landsins. Um var að ræða EFI málþroskaskimun sem var hönnuð og samin var af sömu höfundum og EFI-2. Heilsugæslan notaði EFI málþroskaskimun í tíu ár eða þar til ákveðið var að börn kæmu til skoðunar 2 ½ árs og 4ra ára. Þar með var notkun EFI málþroskaskimunar innan heilsugæslunnar sjálfhætt.

Forspárgildi niðurstaðna á EFI og EFI-2

Áður en farið var að nota EFI málþroskaskimun hafði hún verið prófuð á 270, 3 ½ árs barna úrtakshópi, sem valinn var af handahófi af öllu landinu. Niðurstöður þessa úrtaks voru síðan notaðar sem viðmið þegar farið var að framkvæma skimunina á heilsugæslustöðvum. Þegar börnin í úrtakshópnum voru orðin níu ára og höfðu tekið samræmt próf í íslensku voru niðurstöður þeirra á því prófi bornar saman við niðurstöður þeirra á EFI við 3 1/2 árs aldur. Þá kom í ljós marktæk fylgni milli árangurs í EFI við 3 ½ árs aldur annars vegar og árangurs á íslenskuprófi við níu ára aldur hins vegar.